



Skógarplöntuframleiðslan – Hvað er að gerast?

Rakel J. Jónsdóttir¹

¹Land og skógur (rakel.jonsdottir@landogskogur.is)

Eftir mikla lægð í framleiðslu skógarplantna eftir hrun hefur greinin rétt úr kútnum á undanförunum árum. Fjöldi gróðursettra plantna hefur vaxið úr þremur milljónum árið 2018 í 6,7 milljónir árið 2023. Tölur frá 2024 lágu ekki fyrir við gerð erindisins. Tegundasamsetning framleiðslunnar hefur á þessum árum verið að breytast. Hlutfall birkis og stafafuru hefur aukist en hlutfall rússalerkis dregist saman. Þessar breytingar má að einhverju leyti rekja til verkefna eins og Hekluskóga og Bonn-verkefnisins þar sem eingöngu birki er gróðursett en auk þess til minnkaðs framboðs á rússalerkifræi.

Til þess að mæta aukinni eftirspurn hafa skógarplöntuframleiðendur lagt í mikla fjárfestingu til að bæta búnað, ræktunartækni og auka við ræktunarpláss. Búnaðurinn eykur sjálfvirkni og gæði ferla innan framleiðslunnar, svo sem sáningartækni, moldarfyllingu og vökvun og skyggingu á útiplönnum. Síðast en ekki síst dregur ný tækni úr líkamlegu erfiði starfsfólks.

Nýting fræs hefur stórbatnað með því að taka í notkun priklunarróbóta hjá Sólskógum, sérstaklega fræs með lága spírunarþrósentu. Kvistabær hefur fjárfest í nýrri sáningarlínu, gróðurhúsum og útiplönnum. Jurt, sem sérhæfir sig í ræktun alaskaaspar, hefur tekið upp svokallaða hraðfjölgunaraðferð sem minnkar þörfina fyrir öflun vetrargræðlinga. Nýir einkaaðilar fjölga nú Hrym með græðlingum og þróa ræktunaraðferðir áfram auk þess að koma móðurplöntureitum á koppinn.

Ný tækni hefur í för með sér nýjar áskoranir en eykur framleiðslugetu fyrirtækjanna umtalsvert. Framleiðsla þriggja stærstu fyrirtækjanna í greininni var um 6,7 milljónir plantna árið 2023 en að mati framkvæmdastjóra þeirra er núverandi framleiðslugeta þeirra um 16 -18 milljónir plantna án mikilla breytinga innan fyrirtækjanna.

Nýir framleiðendur eru að hugsa sér til hreyfings innan greinarinnar en eru þó varkárir og vilja tryggja fjármögnun fyrirtækjanna áður og fara ekki af stað fyrr en forsendur fyrir rekstri eru hagstæðar.

